



Fundargerð 268.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 9. Febrúar 2022 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Síðasta ár í tölum.

Hafnarstjóri fór ítarlega í gegnum tölulegar staðreyndir ársins 2021. Eins og árið 2020 hafði Covid 19 faraldurinn veruleg áhrif á komur skemmtiferðaskipa en þó komu töluvert fleiri skemmtiferðaskip til hafna HN en árið áður. Komur fiskiskipa og landaður afli var svipaður og fyrri ár en komur flutningaskipa jukust mikið og þar af leiðandi flutt magn en flutt magn jókst um 21% milli ára. Einnig nýttu farmflytjendur sér í auknu mæli þær lóðir sem höfnin hefur til útleigu. Stjórn HN lýsir ánægju með rekstarafkomu og stöðu fyrirtækisins eftir tveggja ára erfitt rekstarumhverfi.

2. Torfunefsbyggja

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir við Torfunefsbyggju. Búið er að ganga frá kaupum á stálþili. Í hönnun mannvirkisins er gert ráð fyrir að reka niður bakþil þannig að upplandið nýtist sem best. Hönnunarsamkeppni vegna svæðisins var auglýst 10. janúar s.l. Stefnt er að því að kynna sigurvegara samkeppninnar 27. apríl n.k.

3. Skemmtiferðaskip

Almenn bjartsýni ríkir meðal móttökuaðila skemmtiferðaskipa varðandi komur skipa næstu árin. Ef allar bókanir standast fyrir sumarið 2022 má reikna með 163 skipum til Akureyrar, 29 skipum til Grímseyjar og 12 skipum til Hríseyjar. Engar afbókanir hafa komið inn enn sem komið er. Fyrsta skipið er væntanlegt til Akureyrar 19. mars n.k. en megin straumurinn þó ekki fyrr en upp úr miðjum maí. Allur undirbúningur hafnarinnar miðast við að sumarið verði gott með tilliti til farþegaskipanna.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál



Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17:10

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir

Pröstur Friðfinnsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Ólína Freysteinsdóttir

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
